

Siglufjörður
20. ágúst 2021

Efni: Athugasemdir Selvíkur ehf. vegna grenndarkynningar fyrirhugaðrar viðbyggingar
JE – Vélaverkstæðis við Gránugötu 13.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 er landið allt skipulagsskytt og skulu framkvæmdir vera í samræmi við staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag. Þó er heimilt að víkja frá deiliskipulagsskyldu vegna stakra framkvæmda í þegar byggðum hverfum þar sem deiliskipulag er ekki fyrir hendi ef fyrirhuguð framkvæmd er í samræmi við landnotkun, **byggðamynstur** og þéttleika byggðar. Í stað deiliskipulagsgerðar er þá hægt að beita svokallaðri grenndarkynningu.

Samkvæmt kynningargögnum er fyrirhuguð viðbygging 12 metra há og sýna ásýndarteikningar glögglega að verulegur hæðarmunur er á nýbyggingunni og nærliggjandi húsum. Af þeim sökum er það mat undirritaðs að tillagan uppfylli ekki ofangreind skilyrði skipulagslaga um forsendur grenndarkynninga enda byggingin ekki í samræmi við byggðamynstur svæðisins.

Telja má víst að ef fyrirhuguð byggingaráform verða samþykkt á grundvelli grenndarkynningar sem stendur á jafn veikum grunni og raun ber vitni mun skapast óafturkræft fordæmi fyrir sambærilegum framkvæmdum í sveitarfélaginu. Slíkt mun leiða af sér fjölda kærufæra með tilheyrandi kostnaði og skaða fyrir alla hlutaðeigandi. Í ljósi alls þessa telur undirritaður óumflýjanlegt að ráðist verði í gerð deiliskipulags fyrir svæðið í heild þannig að tryggja megja að heildarásýnd þess samræmist ímynd bæjarins í heild og beri ekki með sér yfirbragð ófaglegs bútasams.

Líkt og bæjaryfirvöldum er kunnugt um hefur undirritaður lagt fram fyrirspurn vegna breytinga á Gránugötu 15B. Var því erindi meðal annars vísað til Hafnarstjórnar sem tók vel í erindið og g benti á **mikilvægi þess að vinna deiliskipulag af svæðinu** með þeim hætti að líkur á núningi milli ólíkrar starfsemi verði lágmarkaðar. Rétt er að taka undir með sjónarmiðum Hafnarstjórnar sem hljóta jafnframt að eiga við um fyrirhugaða viðbyggingu við Gránugötu 13.

Árið 2017 var samþykkt nýtt deiliskipulag fyrir miðbæ Siglufjarðar og til stendur að ráðast í kostnaðarsamar framkvæmdir við framfylgd þess. Í skipulaginu er meðal annars ítrekað að smábátahöfnin sé áberandi hluti af ásýnd Siglufjarðar og að nauðsynlegt sé að samtvinna hana miðbænum með betri hætti en áður. Þá mun nýtt miðsvæði og göngutengingar að Ráðhústorgi styrkja alla umgjörð svæðisins, einkum svo það nýtist heimamönnum og ferðamönnum og til útivistar og dvalar jafnt á sumrum sem vetrum.

M.a. fyrir tilstilli þessa skipulags hefur undirritaður hafið undirbúning enn frekar fjárfestingu í ferðaþjónustu í miðbænum m.a. með ofangreindum hugmyndum sem snúa að því að endurbyggja Gránugötu 15B í anda Sigló Hótelis og koma þar fyrir hótelsvítum. Hefur Skipulags- og umhverfisnefnd Fjallabyggðar tekið vel í erindið.

Ljóst er að ásýnd og ímynd Siglufjarðar hefur gjörbreyst á undanförunum árum og fjárfesting í ferðarþjónustu hleypur á milljörðum. Af þessum sökum er brýnt að tryggja að öll uppbygging í bænum, ekki síst í nágrenni við miðbæinn sé í samræmi við nýja ímynd bæjarins. Þá er jafnframt brýnt að öll stjórnslá í kringum uppbyggingu og framkvæmdir á nærsvæðum miðbæjarins sé unnin á eins faglegan hátt og kostur er þannig að ekki skapist fordæmi fyrir byggingum sem skaða núverandi byggðamynstur, skerða útsýni og valda óþarfa skuggavarp.

Í ljósi alls ofangreinds leggst undirritaður eindregið gegn fyrirhugaðri viðbyggingar JE – Vélaverkstæðis við Gránugötu 13 og hvetur bæjaryfirvöld til að ráðast í gerð deiliskipulags fyrir svæðið í heild. Sú vinna fæli þá jafnframt í sér nauðsynlegar breytingar á aðalskipulagi Fjallabyggðar svo unnt sé að starfrækja hótélstarfsemi að Gránugötu 15B, sé það vilji sveitarfélagsins styðja við frekari uppbyggingu ferðarþjónustu á miðbæjarsvæðinu og nærumhverfi þess.

Virðingarfyllst f.h. Selvíkur ehf.



Róbert Guðfinnsson